

Skólaráðsfundur 10. apríl 2015

Mættir: Hlynur f.h. foreldra, Sveinn Óskar f.h. foreldra, Kristín Ásta f.h. kennara, Bergljót f.h. kennara, Gróa f.h. alm. starfsm. og Þórhildur skólastjóri. Fulltrúi grenndarsamfélags afboðaði sig og fulltrúar nemenda mættu ekki. Þórána skólastjóri var einnig búin að afboða sig.

Dagskrá:

1. Skólaþing
Rætt um dags. og hugmyndir að erindum
2. Starfsáætlun lögð fram og rædd
Tillaga að breytingu á starfsdegi ef þörf krefur
3. Skipulag næsta skólaárs
Húsin úti við eldri deild verða gerð upp fyrir sumarið
Rætt um kennslu í Brúarlandi næsta skólaár

Kristín Ásta og Hlynur þurftu að yfirgefa fundinn fljótlega eftir að þessi liður hófst.

Sveinn Óskar, annar fulltrúi foreldra í skólaráði lagði fram eftirfarandi bókun:

BÓKUN - Lagt fram á fundi Skólaráðs Varmárskóla 10. apríl 2015

Sem einn af tveimur fulltrúum foreldra og forráðamanna barna í Varmárskóla vil ég hér með mótmæla alfarið áformaðri nýtingu Brúarlands í Mosfellsbæ sem skólahúsnæði fyrir börn skólans. Rætt hefur verið við fáeina foreldra Varmárskóla varðandi málið og kann það að vera að einhverjir geti sætt sig við að börn sín stundi nám við Brúarland en svo ber undir að húsnæðið er ekki lengur hentugt fyrir börn og ber þar helst að nefna mengun, slyshættu og mikla hættu á að flutningabifreiðar með spilliefni og olíu gætu oltið ofan í þá gryfju sem Brúarland stendur í neðan Vesturlandsvegur, eins fjölfarnasta vegur á Íslandi. Rétt er að kallaðir verði saman allir bekkjarfulltrúar skólans sem mynda bakland foreldrafélags Varmárskóla og leita álags þeirra í heild en það hefur ekki verið gert. Áhættumat skal unnið í samráði við Skólaráð Varmárskóla og foreldrasamfélagið í heild.

Brúarland stendur fáeinum metrum frá Vesturlandsvegi. Sökum þessa má telja að þrátt fyrir endurbætur sé húsnæðið nánast verðlaust m.a. vegna staðsetningar sinnar og þessi eign hentar ekki sem skólahúsnæði og alls ekki fyrir börn á grunnskólaaldri. Brattir stigar eru í húsinu og hafa slys þar átt sér stað. Einnig er þarna skjólveggur sem hefur verið reistur sem aldrei getur hamlað því að margra tonna flutningabifreið eða aðrar bifreiðar á mikilli ferð geti farið í gegnum hann og á miðja væntanlega skólalóð sem fyrirhuguð er í kringum Brúarland.

Það vekur undrun að þessi hugmynd sé borin upp af skólastjórnendum Varmárskóla ásamt starfsmönnum Mosfellsbæjar sem m.a. hafa reynslu innan vébanda Rauða Kross Íslands, þekkingu á slyshættu og forvörnum fyrir börn almennt og fullorðna. Vænta má að þetta sé framkvæmt með þessum hætt vegna tilskipunar frá æðra stjórnvaldi innan veggja Mosfellsbæjar. Það er afar mikilvægt í þessu samhengi að benda á skýrslu sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og birt árið 2010. Úttekt þessa unnu mjög reyndir menn úr skólakerfinu, þ.e. Unnar Þór

Böðvarsson og Trausti Þorsteinsson. Hefur þessi skýrsla legið á vefsetri Varmárskóla svo árum skiptir án þess að skólastjórnendur Varmárskóla hafi lagt hart að sér að tryggja að Mosfellsbær leggi sig í framkróka við að byggja yfir skólann og koma honum undir eitt þak eins og segir í skýrslunni. Í meginniðurstöðum skýrslunnar segir m.a.:

Starf Varmárskóla fer fram í tveimur húsum og setur það skólasterfinu ákveðnar skorður. Góð leið er að unnið verði að úrbótum í húsnæðismálum með tengibyggingu milli skólahúsanna en þá fyrst verður hægt að tala um að sameiningu skólanna tveggja sé lokið þegar öll starfsemi Varmárskóla er komin undir eitt þak.

Því er það afturför hjá Mosfellsbæ, sérstaklega fræðslunefnd Mosfellsbæjar, að leggjast svo lágt að ætla að senda börn foreldra, með vali eða ekki, til að stunda nám í svo óhentugu og hreinlega hættulegu húsnæði sem Brúarland er. Þetta varðar ekki síður nemendur en kennara, vinnuaðstöðu bæði barna og starfsmanna til lengri framtíðar. Frá gerð skýrslunnar 2010 til dagsins í dag sá hins vegar formaður fræðslunefndar ástæðu til að láta byggja fimleikahús við hlið Varmárskóla þó svo að þörf fyrir skólahúsnæði hafi verið reifuð í þessari skýrslu löngu áður. Rétt er að geta þess að fimleikahúsbyggingin fór langt fram úr áformaðri fjárhagsáætlun og skertu þau áform getu Mosfellsbæjar fjárhagslega til að byggja yfir skólann eins og raun ber vitni sem og áform um uppbyggingu nýrrar byggingar yfir golfíþróttina. Skólabörn í Mosfellsbæ eru því látin sitja á hakanum og skólastjórnendur virðast ekki vegra sér við að berjast fyrir hagsmunum skólans á meðan þetta er látið viðgangast. Hins vegar ber að fagna að íþróttir fái framgang en það getur aldrei orðið á kostnað náms sem öll börn þurfa á að halda óháð efnum og aðstæðum enda skólaskylda í landinu og það grunnur fyrir velsæld til lengri framtíðar.

Mikil uppbygging er framundan á skipulögðum svæðum í Mosfellsbæ. Það að Varmárskóli gæti hugsanlega stækkað án frekari uppbyggingar er ekki rétt enda er krafan sú að börn njóti sín betur og að húsnæðið miðist við hönnunarkröfur um slíkt eins og best gerist í dag. Að öðrum kosti er ekki eins vel búið um börn sem stunda nám í Varmárskóla og önnur börn í hverfum víða á höfuðborgarsvæðinu sé stefnt að því að skólinn fari langt yfir 800 nemendur árið 2018 sbr. skýrslu og aðalskipulagsgögn Mosfellsbæjar. Varmárskóli mun ávallt vera eftirsóttur m.a. vegna íþróttaaðstöðu steinsnar frá skólanum. Því og þess vegna á að byggja tengibyggingu milli yngri og eldri deildar eða finna aðra lausn en Brúarland en það gamla húsnæði er barns síns tíma og ekki lengur staðsett á ákjósanlegum stað þar sem hægt er að húsa börn langdvölum vegna náms. Því miður hefur Mosfellsbær ekki sýnt virðingu, jákvæðni, framsækni né umhyggju fyrir börn Varmárskóla sé litið til framangreindra áforma sem hér er mótmælt.

Sveinn Óskar Sigurðsson

Skólaráðsfulltrúi FFVS

Fundi slitið kl. 15.10

Fundarritari var Þórhildur Elfarsdóttir